



Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Sími 480 5550
www.utu.is

Laugarvatni, 3. apríl 2023
Tilvísun: 2302043 SOS

Ágæti viðtakandi!

Efni: Klausturhólar gjallnámur L168965; Efnistaka Seyðishólum, náma E24; Framkvæmdarleyfi

Skipulagsnefnd hefur samþykkt að grenndarkynna ofangreinda tillögu. Málið fékk eftirfarandi afgreiðslu:

Lögð er fram umsókn frá Suðurtaki ehf er varðar útgáfu framkvæmdaleyfis. Í umsókninni felst beiðni um efnistöku á svæði E24, Seyðishólum. Fyrirhugað er að taka 500.000 m³ af efni úr námunni á næstu 15 árum eða um 33.000 m³ á ári. Stærð námusvæðisins er 3,5 ha í dag og er áætlað að raskað svæði verði við áframhaldandi efnistöku í heild 4,4 ha. Með umsókninni er lagt fram álit Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum ásamt umhverfismatsskýrslu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grimsnes- og Grafningshrepp að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að útgáfa leyfisins verði grenndarkynnt eigendum aðliggjandi landeigna og að álit Skipulagsstofnunar og umhverfismatsskýrsla framkvæmdaaðila verði lögð fram til grundvallar við kynningu málsins. Útgáfa leyfisins skal háð skilyrðum umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar þar sem m.a. er tekið er til vöktunar og mótvægisáðgerða. Þar segir að gert sé ráð fyrir að núverandi aðkomuvegur verði lagður bundnu slitlagi frá námu niður að Búrfellsvegi. Efnisflutningsbílar verði með ábreiðslur við efnisflutninga og einungis verði ekið á virkum dögum að degi til og bílstjórum uppálagt að aka rólega Hólaskarðsveg og Búrfellsveg. Framkvæmdaaðili skal vakta svæðið í vöndum veðrum sökum hugsanlegt gjallfoks á svæði suðvestan við námu. Ef kemur til aukins gjallfoks vegna efnisvinnslu eða flutninga skal efnisvinnsla stöðvuð og framkvæmdaaðili leggja fram áætlun um endurbætur. Allar mótvægisáðgerðir verði unnar í samráði við sumarhúsaeigendur og Skógræktina.

Hér með er ofangreind tillaga send hagsmunaaðilum til kynningar skv. 44. gr. skipulagslaga og er gefinn frestur til 1. maí n.k. til að koma með athugasemdir við tillöguna og skulu þær þá berast skriflega til skipulagsfulltrúa að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni eða á netfangið skipulag@utu.is.

Ef þú hefur engar athugasemdir við ofangreinda tillögu þarft þú ekkert að aðhafast frekar og skoðast hún þá samþykkt af þinni hálfu að afloknum ofangreindum athugasemdafresti.

Starfsleyfi fyrir efnistöku er jafnframt í kynningu hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands til 12. apríl nk, sjá hér: <https://hsl.is/starfsleyfi-til-kynningar/starfsleyfi-til-kynningar-sudurtak-ehf-vegna-efnistoku-i-sevdisholum-grimsnes-og-grafningshreppi/>

Athugið að frá og með 1. september 2022 eru kynningargögn vegna þessarar grenndarkynningar eingöngu send til birtingar í pósthólf hagsmunaaðila á www.island.is skv. lögum 105/2021 um Stafrænt pósthólf og bréfpóstsendingar embættisins lagðar niður.

Virðingarfyllt

Umhverfis- og tæknisvið
Uppsveita

Sólveig Ó. Sigurðardóttir

Sólveig Ólafsdóttir
Ritari skipulagsfulltrúa